SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

23. janúar 2019

Nokkrar athugasemdir við Hvítbók fjármálaráðuneytis um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið

1. SFF tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í tillögu #11 í hvítbókinni um tímanlega og vandaða innleiðingu gerða Evrópusambandsins í sviði fjármálastarfsemi. Í því sambandi vilja SFF benda á að innleiðing ýmissar mikilvægrar löggjafar á svið fjármálastarfsemi frá ESB hefur nú dregist úr hömlu. Tafir virðast bæði verða við upptöku Evrópskra gerða í EES rétt og við innleiðingu Evrópskra gerða eftir að þær hafa verið teknar upp í EES rétt. Meðal gerða sem hafa tafist og hafa enn ekki verið innleiddar má nefna reglur innstæðutryggingakerfi (DGSD) og reglur um skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD). Einnig má nefna reglur markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID II). Ýmsar aðrar gerðir bíða innleiðingar en eru að líkindum ekki eins mikilvægar hér á landi. Þessar tafir á innleiðingu eru afar óheppilegar. Meðan á þeim stendur eru réttindi og skyldur aðila hér á landi aðrar en á EES svæðinu. Í því getur falist minni vernd fyrir neytendur og meiri eða minni kvaðir á fjármálafyrirtæki.

2. Hvítbókarhöfundar leggja til að komið verið á fót miðlægum skuldagrunni með upplýsingum um skuldbindingar allra einstaklinga og lögaðila (tillaga #13). Engin sérstök rök eru færð fyrir því hvítbókinni hvers vegna tæmandi skuldagrunnur er nauðsynlegur til þess að greina skuldastöðu heimila og fyrirtækja frekar en úrtaksgreining. SFF leggjast ekki gegn þessum áformum en leggja áherslu á sett verði löggjöf um þessa upplýsingasöfnun og varðveislu upplýsinga af Alþingi. Núverandi upplýsingagrunnur um lán lögaðila (yfir 300 m.kr.) er byggður í grundvelli laga frá Alþingi og tímabundnar heimildir Hagstofu til söfnunar upplýsinga um lán einstaklinga er einnig samkvæmt sérstakri lagaheimild frá Alþingi. Mikilvægt er að svo viðtæk söfnun upplýsinga um skuldbindingar heimila og fyrirtækja byggi á lögum frá Alþingi og gæti í hvívetna að hagsmunum einstaklinga vegna persónuverndar

3. Lagt er til í hvítbókinni að sett verði varnarlína vegna umfangs fjárfestingarbankastarfsemi, sem feli að setja mörk ef eiginfjárbinding vegna beinnar eða óbeinnar stöðutöku kerfislega mikilvægra banka fer yfir 10% til 15% (tillaga #14). Bankar sem lenda í slíkri stöðu eigi tvo kosti, að draga úr stöðutökunni eða færa hana yfir í sérstakt félag. SFF leggjast ekki gegn þessum hugmyndum en vara við væntingum um að takmarkanir af þessu tagi dragi úr líkum á fjármálaáföllum. Rétt er að minna á að niðurstaðan Liikanen-skýrslu ESB um rætur fjármálakreppunnar 2008 var að ekkert eitt viðskiptalíkan í fjármálastarfsemi hafi staðið sig betur

en önnur í fjármálakreppunni 2008. [1] Rétt er að minna á fjölbreytt starfsemi fjármálafyrirtækja dregur almennt úr áhættu. Einhæfni eykur áhættu. Mismunandi starfsemi dregur úr og dreifir áhættu. Almennt er það þannig að það er ekki fyrirséð áhætta sem veldur hættu á fjármálaáföllum heldur áhætta sem ófyrirséð eða vanmetin eins t.d. var með bandarísku fasteignalánin. Áhætta af stöðutöku í hlutabréfum er vel þekkt og skilgreind. Það kann að vera ástæða þess að fátítt er að kerfislega mikilvægir bankar lendi þroti vegna stöðutöku í hlutabréfum. Íslensk fjármálafyrirtæki eru smá á alþjóðlegan mælikvarða. Uppskipting þeirra vegna varnarlínu af þessu tagi myndi smækka þau enn frekar. Mikilvægt er því að varnarlína af þessu tagi sé dregin við skynsamleg mörk.

4. Umfjöllun hvítbókarinnar um vaxtamál er að mörgu leyti til fyrirmyndar. Þannig er dregið fram að vaxtastigið í landinu ræðst stefnu og ákvörðunum Seðlabankans. Þá er fjallað um þau áhrif sem sérstök skattlagning og háar og hærri eiginfjárkröfur hér á landi en í nágrannalöndum hafa á vaxtamun íslenskra banka. Eigi að síður er vaxtamunur íslenskrar banka í #18 enn á ný borin saman við vaxtamun norræna stórbanka sem eru 50 til 100 sinnum stærri en íslenskir bankar. Sá samanburður er marklaus og leiðir til óraunhæfrar umræðu um vaxtamun að mati SFF. Viðskiptalíkan þeirra banka er annað íslenskra banka að því leyti að þessir bankar hafa aðgang að erlendum fjármagnsmörkuðum með lágu álagi á millibankavexti og veita eða taka þátt í lánveitingum til stórfyrirtækja á kjörum nálægt millibankavöxtum. Þessi viðskipti hafa áhrif til þess að lækka vaxtamun stórbankanna. Samanburður við minni norræna banka sem eru líkari að stærð og íslensku bankarnir sýnir að vaxtamunur þeirra er á bilinu 1,5% – 2,5% eða sambærilegur við vaxtamun íslenskra banka þegar tekið hefur verið tillit sérstakra skatta og hærri eiginfjárkrafna en hvor þessara þátta hækkar vaxtamun hér um 0,5%. Þá sýna gögn frá norrænu stórbönkunum að vaxtamunur þeirra í í almennri viðskiptabankastarfsemi er um 2%. Nánast öll viðskipti íslenskra bankaflokkast undir almenna viðskiptabankastarfsemi. [2]

5. Samtök fjármálafyrirtækja vilja sérstaklega taka undir umfjöllun hvítbókarinnar um samstarf fjármálafyrirtækja um fjármálainnviði eða upplýsingatækni. (tillaga #19). Mikilvægt er að gerðar verði breytingar á samkeppislögum í þá veru sem hvítbókin leggur til. Í því samhengi vilja samtökin benda á minnisblöð Bankasýslu ríkisins sem fylgja hvítbókinni þar sem fjallað er um hvernig lækkun kostnaðar vegna fjármálainnviða og upplýsingatækni geta leitt til enn lægri vaxtamunar í íslensku fjármálakerfi.

---

[1] Í grunninn átti alþjóðlega fjármálakreppan rót sína í hefðbundinni lánastarfsemi, þ.e. fasteignalánum sem veitt voru með óábyrgum hætti í Bandaríkjunum, svo kölluð undirmálslán (sub prime lending). Áhættu af þessum lánum var dreift með innpökkun þeirra í skuldabréfavafninga sem seldir voru fjármálastofnunum og sjóðum víða um heim. Verðfall þessara gerninga olli óvissu um traustleika fjármálafyrirtækja um allan heim sem leiddi til óvissu á alþjóðlegum skuldabréfa-mörkuðum frá haustinu 2007 og á alþjóðlegum millibankamörkuðum í september 2008. Þessi óvissa torveldaði lántökur og endurfjármögnun flestra fjármálafyrirtækja og nánast lokaði þessum mörkuðum í haustið 2008.

[2] Á árunum 2005 til 2008 lækkaði vaxtamunur íslenskra banka hratt úr 3% – 3,5% og nálgaðist 1% til 1,5% undir lok tímabílsins. Þetta stafaði hröðum vexti alþjóðlegrar lánastarfsemi bankanna. Aðgangur var greiður að erlendum lánsfjármörkuðum til fjármögnunar og erlend lánastarfsemi til stórra fyrirtækja óx hratt. Þessi viðskipti voru með mun minni vaxtamun en innlend viðskipti bankanna og lækkuðu heildar- eða meðaltalsvaxtamun bankanna. Þegar erlend starfsemi bankanna var skilin frá innlendri starfsemi með skilaaðgerðum 2008 hækkaði vaxtamunur á árinu 2009 aftur að mestu til fyrra horfs. Gagnvart innlendum viðskiptavinum breyttist vaxtamunur sennilega lítið á þessum árum þrátt fyrir sveiflur í heildarvaxtamun.

6. Umfjöllun hvítbókarinnar um iðgjöld til tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) gefur að mati SFF ekki rétta mynd af stöðu mála hér á landi í samburði við nágrannalönd. Byrði iðgjalda til sjóðsins er mun hærri hér á landi en í nágrannalöndum og brýnt að lækka eða stöðva greiðslu iðgjalda í sjóðinn.

   Iðgjöld til TIF eru um fjórum sinnum hærri hér á landi en á öðrum Norðurlöndum. Það skýrist að tvennu. Heildariðgjaldsprósenta til IF er tvisvar til þrisvar sinnum hærra hér á landi en á öðrum Norðurlöndum eins og fram kemur í i Hvítbókinni. Því til viðbótar er hér á landi greitt iðgjald af tryggingahæfum innstæðum en ekki tryggðum innstæðum eins og á öðrum Norðurlöndum. Iðgjaldagrunnurinn er hér tæplega tvisvar sinnum stærri vegna þessa. Saman gera þessir tveir þættir iðgjöldin í raun fjórum sinnum hærri hér en á öðrum Norðurlöndunum.

   Nefnt er í Hvítbókinni að önnur Norðurlönd hafi þegar hafið (Svíþjóð) eða séu að hefja greiðslu 0,1% gjalds af tryggðum innstæðum í skilasjóð. Það leiðir af innleiðingu tilskipunar um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja (2014/59/EU). Þegar hún tekur gildi hér á landi mun sama kvöð leggjast á hér. Þegar gjaldtaka hófst vegna skilasjóðs í Svíþjóð féll niður gjald á fjármálafyrirtæki sem rann í sérstakan stöðugleikasjóð. Fjármálafyrirtæki hér á landi greiða ýmsa sérstaka skatta, þar á meðal sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki sem reiknast sem 0,376% af öllum skuldum fjármálafyrirtækja. Markmið þessa skatts er nátengt gjalds í skilasjóð eins og kemur fram í 1. Gr. laganna (l. 155/2010):

   > *Markmið þessara laga er tvíþætt, annars vegar að afla ríkinu tekna til að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins, hins vegar að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja með því að leggja sérstakan skatt á skuldir þeirra vegna þeirrar kerfisáhættu með tilheyrandi kostnaði sem áhættusöm starfsemi þeirra getur haft í för með sér fyrir þjóðarbúið.*

   Þetta er ekki nefnt í Hvítbókinni. Ekki þarf um það að deila að íslensk fjármálafyrirtæki myndu fremur kjósa 0,1% gjald í skilasjóð af tryggðum innstæðum en 0,376% skatts af öllum skuldum.

   Almennt er merkingarlítið að bera saman iðgjaldahlutföll til innstæðusjóða án þess að bera saman iðgjaldagrunninn, þ.e. hvaða hvaða innstæður eru tryggðar.

   Hlutfall eigna TIF tryggðra innstæðna hér á landi eru um 2,6% um þessar mundir, hratt hækkandi vegna hárra iðgjalda, en ekki 2,25% eins og kemur fram í Hvítbók. Það er í efri mörkum miðað við önnur Norðurlönd og hátt miðað við önnur EES ríki. Það hlutfall er hins vegar reiknað út frá því að allar tryggingahæfar innstæður séu tryggðar hér á landi, þar sem ákvæði tilskipunar 2014/49/EU um innstæðutryggingakerfi hefur ekki verið tekinn inn í EES rétt (100.000 Evru hámark). Þegar það gerist hækkar þetta hlutfall samstundis í tæp 5%.

   Samandregið þá eru iðgjöld tryggingasjóðs hér á landi um fjórum sinnum hærri en í nágrannalöndum. Eignir sjóðsins eru á pari með við önnur Norðurlönd og háar í alþjóðlegu samhengi. Þegar innstæðutryggingatilskipunin frá 2014 tekur gildi hér á landi verður sjóðurinn hér tvisvar sinnum stærri en á öðrum Norðurlöndum.

Virðingarfyllst,

Yngvi Örn Kristinsson
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja





Ath: Hlutfallið fyrir Ísland miðast við gildandi lög. Við innleiðingu DGS tilskipunarinnar hækkar hlutfall Íslands í tæp 5%.